

Viðauki við stofnanasamning milli Lyfjastofnunar og Félags íslenskra náttúrufræðinga, dags. 14. nóvember 2006

Með viðauka þessum hefur að fullu verið tekið tilliti til 3. greinar í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FÍN, sem undirritaður var 18. mars 2005.

Í 3. grein umrædds samkomulags kemur fram að 1. maí 2007 skuli 2% vera nýtt til styrkingar og þróunar launakerfis. Til að mæta þessu ákvæði eru samningsaðilar sammála um að framkvæmd þess ákvæðis sé með eftirfarandi hætti.

Öll starfsheiti, sbr. grein 3.3 í stofnanasamningi Lyfjastofnunar og FÍN frá 14. nóvember 2006 um röðun starfs hækka um einn launaflokk. Grein 3.3 hljóðar því þannig frá og með 1. maí 2007:

3.3 Röðun starfs

Röðun starfs í launaflokk er lágmarksviðmiðun. Starf getur raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í 4. kafla. Í þeim tilvikum þar sem starf fellur ekki að almennum skilgreiningum er heimilt að raða því sérstaklega. Heimilt er að flytja störf milli flokka vegna breytinga á starfi, þar er m.a. átt við verksviði, og/eða ábyrgð.

Grunnröðun

Sérfræðingur 1 Lfl. 14 . Eftir 3ja mánaða starf flyst sérfræðingur 1 í lfl. 17

Sérfræðingur 2 Lfl. 17

Sérfræðingur 3 Lfl. 19

Deildarstjóri Lfl. 23

Sviðsstjóri Lfl. 25

Gildistími

Bókun þessi gildir frá 1. maí 2007 og er breyting á stofnanasamningi Lyfjastofnunar og Félags íslenskra náttúrufræðinga, dags. 14. nóvember 2006.

Þegar hefur verið tekið tillit til þeirrar breytingar á grunnröðun starfs í launaflokk sem um getur í viðauka þessum, gagnvart félagsmönnum FÍN.

Reykjavík 20. desember 2007,

F.h. Lyfjastofnunar

Rann Sæmundsson

Jón H. Þorláksson

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Macansey (S.)

Daniel Utar